



30. stjórnarfundur LH 26. október 2020 kl. 20.00 Fjarfundur

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Ólafur Þórisson, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, Ágúst Hafsteinsson, Eggert Hjartarson og Oddrún Ýr Sigurðardóttir úr aðalstjórn, Siguroddur Pétursson og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Lilja Björk Reynisdóttir, Þórdís Arnardóttir og Rósa Birna Þorvaldsdóttir úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir.

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

- Fundargerð 29. fundar samþykkt.**
- Landsþing í ljósi aðstæðna v. Covid**
Miðað við stöðuna á Covid í þjóðfélaginu virðist stefna í rafrænt þing. Umræða varð um hvort aðeins eigi að taka fyrir það nauðsynlegasta á fjarþingi og fresta öðru eða hvort taka eigi fyrir allar tillögur sem hafa borist og afgreiða á fjarfundum og með rafrænni atkvæðagreiðslu.
Afgreiðsla: Gefa þarf út ákvörðun um fyrirkomulag þingsins tveimur vikum fyrir þing.
- Framkvæmd skeiðkappreiða**
Stjórn vísaði til laganefndar álitamálum varðandi framkvæmd skeiðkappreiða á Metamóti Spretts og á Skeiðleikum 2. Einnig var sent bréf til Spretts og Skeiðfélagsins þar sem innt var eftir sýn mótshaldara á málið. Svör Spretts er ásamt greinargerð mótstjóra Metamóts og svar Skeiðfélagsins er í fylgiskjöllum.
Afgreiðsla: Samþykkt að formaður sendi bréf til mótsnefndar Metamóts og Skeiðleika 2 og óski þess að gengið sé frá mótsskýrslu í Sportfeng á fullnægjandi hátt og agamálum vísað til aganefndar.
- Drög að samningi við Norðurlönd um notkun Sportfengs**
Drög að samningi kynnt. eru til umfjöllunar hjá sérsamböndum Norðmanna og Svíja.
Umræða varð um nauðsyn þess að gefa upp þjónustusímanúmer sem mótshaldarar geta leitað til þegar villur koma upp í kerfinu.
- LH-Kappi fjármögnun appsins**
Tölvunefnd LH í samstarfi við Bonsai hafa teiknað upp hvaða möguleikar eru á sölu appsins.
Afgreiðsla: Samþykkt að koma appinu í sölu á Appstore og Playstore fyrir upphaf næsta keppnistímabils.
- Breyting á reglugerð um skotelda í samráðsgátt stjórnvalda – umsögn LH**
„Landssamband hestamannafélaga fagnar fyrirhuguðum breytingum á reglugerð um skotelda. Öll takmörkun á þeim dagafjölda sem leyfilegt er að sprengja flugelda er fagnaðarefni fyrir hestamenn sem stunda útreiðar í þéttbýli. Í kringum áramót og í upphafi árs eru margir hestamenn með hesta á húsi í þéttbýli. Eins og fram kemur í tillögum nefndarinnar hefur notkun



skotelda óæskileg áhrif á atferli og líðan dýra. Fjöldmörg dæmi eru um að hestamenn hafi lent í alvarlegum slysum þegar hestar hafa fælst vegna óvæntra sprenginga af völdum flugelda.

Einnig getur mengun af völdum flugelda valdið óæskilegum áhrifum hjá einstaklingum, ekki síst útivistarfólki eins og hestamönnum.

Æskilegt er að vinnu við breytingu á vopnalögum verði hraðað, þar sem viðurlög við að sprengja flugelda á þeim tíma sem það er óheimilt verði þyngd.“

Afgreiðsla: Samþykkt.

7. Persónuverndarstefna – drög

Lög um persónuvernd kveða á um að ábyrgðaraðilar innleiði persónuverndarstefnu og birti á vefsvæði. Persónuverndarstefnu LH er ætlað að veita almenna fræðslu til einstaklinga um vinnslu persónuupplýsinga sem LH hefur með höndum sem ábyrgðaraðili.

Afgreiðsla: Samþykkt.

8. Vefverslun á heimasíðu

Stefna hefur gefið LH tilboð í uppsetningu á vefverslun liggur fyrir.

Afgreiðsla: Samþykkt að ganga að tilboði Stefnu.

9. Önnur mál

a. Íslandsmót 2021

Umsókn um Íslandsmót fullorðinna og ungmenna 2021 barst frá Hestamannafélaginu Skagfirðingi á formannafundi 2019, engin umsókn hefur borist um Íslandsmót barna og unglunga 2021. Gefa þarf út auglýsingu um að landsþing taki ákvörðun um hvar skuli halda Íslandsmót 2021 og 2022.

b. Tillaga Íslandsmótnefndar um nýja reglugerð um Íslandsmót

Beðið er um rökstuðning Íslandsmótsnefndar fyrir ákveðnum atriðum í tillögunni.

Fundi slitið um kl. 22.00